

Þetta vöru upplýsingablað veitir stutta lýsingu á tryggingunni. Þetta vöru upplýsingablað er ekki tæmandi lýsing á því hvað tryggingin nær og nær ekki yfir. Það eru alhliða vátryggingaskilmálarnir sem mynda samninginn á milli okkar, en þá er alltaf hægt að lesa inná heimasíðu okkar www.elko.is.

Hverskonar trygging er þetta?

Viðbótartryggingin er sérstök vörutrygging sem eykur vernd vörunar á kaupkvittun þinni (tryggingarskírteini).



Hvað er innifalið í tryggingunni?

Vátryggingin bætir tjón sem stafar af:

Grunnvernd

- ✓ skyndilegum og óvæntum göllum eða bilunum í innri virkni tækis, sem samningsbundin eða lögbodin ábyrgð nær ekki yfir. Með samningsbundinni ábyrgð er átt við sérstaka ábyrgð framleiðanda eða seljanda tækis. Með lögbodinni ábyrgð er átt við reglur neytanda-löggjafar varðandi ábyrgð seljanda.
- ✓ skyndilegum og óvæntum ytri tjónum, t.d. vegna óhappa í notkun, flutningi og geymslu. Með ytri tjónum er átt við utanaðkomandi högg eða áföll sem tækið verður fyrir og veldur á því skemmdum.
- ✓ innbroti í læsta íbúð, sumarhús eða atvinnuhúsnæði. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að á vettvangi séu ummerki um innbrot og að lögreglu sé þegar í stað tilkynnt um innbrotið. Þessi vátrygging tekur ekki til innbrota í bifreiðar, hjólhýsi, vinnuskúra eða sambærilega staði.
- ✓ bilun í kælitæki, frystitæki, þvottavél eða þurrkara þannig að innihald þessara tækja skemmist. Þessi liður bótaskyldu gildir í eitt ár frá kaupdegi og hámarksbætur eru kr. 30.000 í hverju tjóni.

Valkostir

Engir valkostir eru í boði



Hvað er ekki innifalið í tryggingunni?

- ✗ Tjón sem stafa af eðlilegu sliti, rangri samsetningu, ónógu eða röngu viðhaldi.
- ✗ Tjón sem ekki hefur áhrif á notkun eða virkni tæk og eru í eðli sínu smávægileg, s.s. rispur, beyglur, form eða litabreytingar og annað sambærilegt.
- ✗ Tjón eða bilun á rekstrarvörum í tækinu, s.s. rafhlöðum.
- ✗ Tjón sem orsakast af rafrænum vírus eða bilun í hugbúnaði tækis.
- ✗ Vátrygging þessi bætir ekki neins konar óbein eða afleidd tjón, s.s. líkamstjón, afnotamissi, afhendingardrátt vöru, kostnað við að taka niðu tæki eða setja upp né tjón á öðrum munum heldur en hinu vátryggða tæki, sbr. þó gr. 3.4.
- ✗ Tjón sem kaupréttarleg krafa tekur til, svo sem ábyrgð eða önnur skuldbinding framleiðanda, heildsala, smásala, viðgerðarmanns eða annar aðila og fylgir tækinu við kaupin eða fylgir samkvæmt lögum, reglugerð eða ábyrgðaryfirlýsingu.
- ✗ Tjón sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði í skilningi þessarar greinar ef á hinu vátryggða tæki verða skemmdir sem stafa af bilun eða skammhlaupi í tækinu, s.s. sviðnun eða bráðnun.
- ✗ Tjón vegna sérú-galla hjá framleiðanda



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tjón vegna gáleysislegrar meðhöndlunar
- ! Tjón vegna stórfellds gáleysis
- ! Tjón vegna brots á öryggisreglum.



Hvar gildir tryggingin?

- ✓ Vátryggingin gildir um allan heim. Uppgjör tjóna fer eingöngu fram á Íslandi.



Hverjar eru skyldur mínar?

- Þú verður að greiða iðgjaldið og ganga úr skugga um að upplýsingarnar í vátryggingarskírteininu (kaupkvittun) séu réttar.
- Ef tjón verður, vinsamlegast hafðu samband við okkur strax.
- Þér ber skylda til að veita þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að við getum tekið ákvörðun um hvort að tjónið þitt sé bótaskýlt.
- Meðhöndla verður tryggðu vöruna með eðlilegri varúð og þannig að tjóni, eftir því sem kostur er, sé forðað til dæmis má ekki nota vöruna í umhverfi þar sem hætta á tjóni er augljós.
- Upphaflegur eigandi verður að tilkynna tryggingafélaginu ef varan hefur verið seld eða látin af hendi og til hvaða aðila.
- Þér ber að fylgja leiðbeiningum framleiðanda um uppsetningu, festingu, notkun, umhirðu og viðhald.
- Til að bæta tjón vegna bilunar þarf að afhenda vöruna í verslun ELKO eða til viðgerðarmanns sem vátryggingafélagið tilnefnir.



Hvenær og hvernig á ég að borga?

Tryggingin verður að vera keypt og greidd þegar varan er keypt og þú greiðir tryggingarnar á þann hátt sem þú hefur samþykkt með ELKO.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær fellur hún úr gildi?

- Tryggingarnar taka gildi frá áskriftardegi þ.e. frá þeim degi sem þú hefur greitt fyrsta tryggingaiðgjaldið.
- Tryggingin gildir fyrir þann tíma sem samið var um við ELKO, reiknað frá kaupdegi.



Hvernig get ég sagt upp samningnum?

- Þú getur sagt upp tryggingunni hvenær sem er á tryggingartímabilinu.
- Þú getur sagt upp tryggingunni með því að senda tölvupóst til tjon@tmi.is. Í tölvupóstinum verður þú að gefa upp númerið á kaupkvittuninni og skrifa að þú viljir segja upp tryggingunni.